Fullgild rafræn undirskrift
VERA SVEINBJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 281181-4919
2026-04-27 16:45:44 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Myndhöfundasjóður Íslands

## Ársreikningur 2025

kt: 540891-1419
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar ........................................ | 2 |
| Áritun endurskoðanda ........................................ | 4 |
| Rekstrarreikningur ........................................ | 7 |
| Efnahagsreikningur ........................................ | 8 |
| Yfirlit um sjóðstreymi ........................................ | 10 |
| Skýringar ........................................ | 11 |
| Sundurliðanir ........................................ | 13 |

# Skýrsla stjórnar

Myndhöfundasjóður Íslands var stofnað á árinu 1991. Tilgangur félagsins er að annast hagsmunagæslu á sviði höfundarréttar og innheimta þóknanir fyrir notkun á höfundarétti ásamt innheimtu fylgiréttargjalda vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni.

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og eru allar fjárhæðir í íslenskum krónum.

Samkvæmt rekstrarreikningi varð tap af rekstri félagsins 8.456.172 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 2025 alls 108.475.612 kr. og eigið fé var 64.591.315 kr. Fjöldi ársverka á árinu voru 1,4.

**Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur**

Frá setningu laga nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslu höfundaréttar hefur Myndstef lagt mikið kapp á að framfylgja lögunum og sífellt leita leiða til þess að tryggja hagkvæmni og skilvirkni í starfseminni sem best. Árið 2025 flutti Myndstef í nýtt húsnæði, að Hafnarstræti 5, í maí 2025 og leigir þar skrifstofu af Reykjavíkurakademíunni, og getur samnýtt fundarherbergi og fyrirlestrarsal Reykjavíkurakademíunnar. Er öll aðstaða í nýja húsnæðinu til fyrirmyndar.

Aðalstarfsemi Myndstefs er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundaréttar fyrir myndhöfunda og innheimta réttindagreiðslur vegna höfundaréttar og greiða út til rétthafa. Myndstef starfar ekki í hagnaðarskyni og leitast við að halda umsýslukostnaði í lágmarki eftir því sem kostur er.

Réttindagreiðslur sem renna til Myndstefs eru til komnar úr ýmsum áttum, ber þar helst að nefna greiðslur fyrir fjölritun frá Fjölís, greiðslur vegna fylgiréttargjalda vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni, greiðslur fyrir eintakagerð til einkanota frá IHM, greiðslur vegna samningskvaðasamninga, og ber þar helst að nefna svokallaða safnasamninga, og loks þóknanir fyrir notkun á höfundarétti, þ.e. höfundaréttargreiðslur fyrir endurnot.

Á árinu var úthlutað 40 m.kr. úr Höfundasjóði Myndstefs, þar af 5 m.kr. í ferða-, menntunar- og vinnustofustyrki og 35 m.kr. í úthlutanir vegna verkefna. Sífellt er unnið að því að færa úthlutanir úr Höfundasjóði nær punktakerfi byggðu á réttindamagni höfunda og leitað leiða til þess. Til dæmis er nú í umsóknum óskað eftir því að höfundar geri grein fyrir því hvort höfundar eigi verk í almannarými, hvort höfundar eigi réttinda tilkomin vegna kvikmynda, hafi birt verk í útgáfu t.d. bókum o.s.frv.

Ein úthlutun fór fram á árinu til höfunda, en vegna uppfærslu tölvukerfis reyndist ekki mögulegt að ljúka síðari úthlutun ársins.

Stærstu verkefni ársins voru flutningar í nýtt húsnæði og jafnframt umfangsmikil vinna við nýtt töluvkerfi samtakanna. Í stað umsýslukerfisins Filemaker, hefur verið unnið nýtt kerfi. Var fyrst unnið að undirbúningi og þarfagreiningu og í framhaldinu var leitað til nokkurra fyrirtækja og tók hugbúnaðarfyrirtækið Overcast ehf. að sér gerð hins nýja umsýslukerfis. Yfirfærsla gagna úr gamla kerfinu fór fram í desember. Vegna þessara breytinga var aðeins ein útborgun úr umsýslukerfi Myndstefs til rétthafa, en greitt er út til rétthafa um leið og lokaprófanir hafa farið fram á nýja tölvukerfinu.

Á árinu urðu þær breytingar á stjórn að fulltrúi ljósmyndara, Guðmundur Skúli Viðarsson kláraði síðara tímabil sitt í stjórn Myndstefs. Nýr fulltrúi ljósmyndara í stjórn er Sveinn Speight.

Hjá samtökunum starfar framkvæmdastjóri í 80% starfi og formaður fær greiðslu sem miðast við 10% stöðugildi. Á árinu var ráðinn tímabundinn starfsmaður til sex mánaða, til þess að aðstoða við verkefni á skrifstofu, og var sú ráðning gerð með styrk frá Vinnumálastofnun.

# Skýrsla stjórnar, frh.

Alþjóðasamstarf er með góðu móti. Framkvæmdastjóri fór á fund systurfélaga í Oslo í september 2025, en norrænt samstarf er einkar mikilvægt. Myndstef á einnig aðild að EVA (European Visual Artist) og Myndstef er einnig aðili að CISAC (The International Confederation of Societies of Authors and Composers).

Myndstef hefur ávallt leitast við að halda uppi fræðslu um höfundarétt og halda kynningar um höfundarétt og voru þónokkrar kynningar á árinu, m.a. fyrir Listaháskólann og Háskólann á Bifröst.

Myndstef hyggst halda áfram við að móta starfsemina og betrumbæta á sem hagkvæmastan máta, innan ramma umsýslulaga.

Stjórn og framkvæmdastjóri Myndhöfundarsjóðs Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. apríl 2026

RAFRÆN UNDIRRITUN Á FORSÍÐU

**Guðrún Erla Geirsdóttir**
stjórnarformaður

**Logi Bjarnason**
stjórnarmaður

**Pétur Thomsen**
stjórnarmaður

**Steinunn Björg Hrólfsdóttir**
stjórnarmaður

**Guðmundur Skúli Viðarsson**
stjórnarmaður

**Vera Sveinbjörnssdóttir**
framkvæmdastjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hagsmunaaðila Myndhöfundasjóðs Íslands

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Myndhöfundasjóðs Íslands fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Myndhöfundasjóði Íslands í samræmi við lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 og settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Önnur mál**
Ársreikningur 2024 var endurskoðaður af Deloitte ehf. án fyrirvara.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Myndhöfundasjóðs Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.
Nægjanlega vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

**Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**
Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 27. apríl 2026

**Kalman Stefánsson**
löggiltur endurskoðandi

**Gæðaendurskoðun slf**
**Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík**

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Innheimt fyrir hlutdeild höfunda:** | | | |
| Tekjur höfunda- og fylgiréttar | 9, 11 | 79.468.374 | 87.856.854 |
| Aðrar tekjur | | 0 | 3.000.000 |
| | 3 | 79.468.374 | 90.856.854 |
| Hlutdeild höfunda | 10, 12 | ( 18.153.753) | ( 16.983.139) |
| **Tekjur eftir hlutdeild höfunda** | | 61.314.621 | 73.873.715 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Úthlutanir til rétthafa | 13 | 40.900.000 | 30.950.000 |
| Laun og tengd gjöld | 5 | 18.650.882 | 18.490.038 |
| Annar rekstrarkostnaður | 14 | 13.127.491 | 13.570.319 |
| | | 72.678.373 | 63.010.357 |
| Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða | | ( 11.363.752) | 10.863.358 |
| Vaxtatekjur | | 3.819.605 | 6.050.930 |
| Vaxtagjöld | | ( 76.451) | ( 39.244) |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 835.574) | ( 1.509.443) |
| | | 2.907.580 | 4.502.243 |
| **Hagnaður (tap) ársins til ráðstöfunar** | | ( 8.456.172) | 15.365.601 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Hugbúnaður | 6 | 1.419.297 | 0 |
| Fastafjármunir | | 1.419.297 | 0 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | | 274.751 | 0 |
| Handbært fé | 7 | 106.781.564 | 102.524.307 |
| Veltufjármunir | | 107.056.315 | 102.524.307 |
| **Eignir samtals** | | 108.475.612 | 102.524.307 |

# 31. desember 2025

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Fylgiréttarsjóður | | 9.798.553 | 8.648.969 |
| Óráðstafað eigið fé | | 54.792.762 | 64.398.518 |
| Eigið fé | 8 | 64.591.315 | 73.047.487 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Ógreidd höfundaréttargjöld | | 10.575.577 | 9.784.537 |
| Ógreidd fylgiréttargjöld | | 29.460.215 | 15.630.408 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 15 | 3.848.505 | 4.061.875 |
| Skuldir samtals | | 43.884.297 | 29.476.820 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 108.475.612 | 102.524.307 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða ................................ | | ( 11.363.752) | 10.863.358 |
| Veltufé (til) frá rekstri | | ( 11.363.752) | 10.863.358 |
| Rekstrartengdar eignir, lækkun (hækkun) ................................ | | ( 274.751) | 278.000 |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun) .............................. | | 14.407.477 | 1.152.051 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 2.768.974 | 12.293.409 |
| Innborgaðir vextir og arður ..................................................... | | 3.819.605 | 6.050.930 |
| Greiddir vextir ......................................................................... | | ( 76.451) | ( 39.244) |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur ............................................... | | ( 835.574) | ( 1.509.443) |
| Handbært fé frá rekstri | | 5.676.554 | 16.795.652 |
| **Fjárfestingahreyfingar:** | | | |
| Eignfærður kostnaður við þróun hugbúnaðar .......................... | | ( 1.419.297) | 0 |
| Fjárfestingahreyfingar | | ( 1.419.297) | 0 |
| **Hækkun á handbæru fé ............................................** | | 4.257.257 | 16.795.652 |
| **Handbært fé í ársbyrjun ..........................................** | | 102.524.307 | 85.728.655 |
| **Handbært fé í árslok ................................................** | | 106.781.564 | 102.524.307 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir og ýmsar grunnupplýsingar

1. Myndhöfundasjóður Íslands er skráð að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík og er það heimilisfesti félagsins.

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Tekjur vegna höfundaréttar innanlands eru færðar til tekna við útgáfu reiknings. Erlendar höfundaréttartekjur, fylgiréttargjöld og aðrar tekjur eru færðar til tekna við greiðslu þeirra til sjóðsins eða þegar engin óvissa er um innheimtu þeirra.

4. Frekari umfjöllun um reikningsskilaaðferðir vegna einstakra liða í ársreikningi er að finna í skýringum fyrir viðkomandi liði hér á eftir.

## Rekstrarreikningur

### Laun og launatengd gjöld

5. Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast sem hér segir:

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Laun ......... | 16.148.229 | 15.512.120 |
| Styrkur frá Atvinnuleysistryggingasjóði ......... | ( 2.128.152) | 0 |
| Launatengd gjöld ......... | 4.630.805 | 2.977.918 |
| Samtals laun og launatengd gjöld ársins ......... | 18.650.882 | 18.490.038 |
| Fjöldi ársverka á árinu ......... | 1,4 | 1,5 |

## Fastafjármunir

### Óefnislegar eignir

6. Félagið vinnur að þróun nýs umsýslukerfis og er eignfært sem hér segir. Eignfærður kostnaður samanstendur af aðkeyptri þjónustu tölvuforritunar. Þróunarkostnaður er ekki afskrifaður á árinu en það mun verða gert þegar eignin hefur verið fullunnin og tekin til notkunnar.

| Hugbúnaður greinist þannig: | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Viðbót á árinu ......... | 1.419.297 | 0 |
| Hugbúnaður 31.12. ......... | 1.419.297 | 0 |

## Veltufjármunir

### Handbært fé

7. Handbært fé samanstendur af sjóðum og bankainnistæðum í eigu Höfundasjóðs og Fylgiréttasjóðs. Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Höfundasjóður | 63.765.308 | 74.960.444 |
| Fylgiréttarsjóður | 43.016.256 | 27.563.863 |
| Samtals handbært fé | 106.781.564 | 102.524.307 |

## Eigið fé

8. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Fylgiréttarsjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2025 | 8.648.969 | 64.398.518 | 73.047.487 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 1.149.584 | ( 9.605.756) | ( 8.456.172) |
| Eigið fé 31.12.2025 | 9.798.553 | 54.792.762 | 64.591.315 |

# Sundurliðanir

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| 9. **Höfundaréttartekjur** | | |
| Fjöllís | 33.176.166 | 29.094.594 |
| IHM | 14.140.000 | 28.358.477 |
| Samningar með samningskvöð | 8.458.408 | 8.353.855 |
| Aðrir innlendir aðilar | 3.697.299 | 4.266.466 |
| Erlendar greiðslur | 479.493 | 470.611 |
| Hlutdeild Myndstefs, 80% | 19.097 | 81.865 |
| | **59.970.463** | **70.625.868** |
| 10. Hlutdeild höfunda | ( 3.341.434) | ( 3.845.168) |
| | **56.629.029** | **66.780.700** |
| 11. **Fylgiréttargjöld** | | |
| Fylgiréttargjöld ársins innlend | 17.796.563 | 15.489.190 |
| Fylgiréttargjöld ársins erlend | 718.836 | 933.275 |
| Hlutdeild Myndstefs vegna höfunda, 80% | 982.512 | 808.521 |
| | **19.497.911** | **17.230.986** |
| 12. Hlutdeild höfunda | ( 14.812.319) | ( 13.137.971) |
| | **4.685.592** | **4.093.015** |
| Fjármagnstekjur | 220.594 | 809.225 |
| Fjármagnstekjuskattur | ( 48.533) | ( 178.037) |
| Bankakostnaður ofl. | ( 4.989) | ( 7.680) |
| Þóknun Myndstefs | ( 3.703.080) | ( 3.284.493) |
| | ( 3.536.008) | ( 2.660.985) |
| **Ráðstöfun Fylgiréttar færð á eigið fé** | **1.149.584** | **1.432.030** |

| | 2025 | 2024 |
|---|---:|---:|
| 13. **Úthlutanir til rétthafa** | | |
| Úthlutanir til rétthafa | 35.000.000 | 24.750.000 |
| Ferða- og menntunarstyrkir | 4.900.000 | 5.200.000 |
| Aðrar styrkveitingar | 1.000.000 | 1.000.000 |
| | **40.900.000** | **30.950.000** |
| 14. **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Sími og internet | 144.828 | 193.848 |
| Rekstur tölvukerfis | 950.168 | 2.317.274 |
| Reikningshaldsleg þjónusta | 5.100.105 | 4.517.194 |
| Lögfræðikostnaður | 333.498 | 21.800 |
| Aðkeypt þjónusta | 627.337 | 99.770 |
| Nefndarlaun | 1.700.000 | 1.998.000 |
| Dagpeningar | 117.684 | 0 |
| Annar starfsmannakostnaður | 251.878 | 313.950 |
| Ferðakostnaður | 213.613 | 0 |
| Funda og viðskiptakostnaður | 393.994 | 564.942 |
| Auglýsingar | 30.854 | 23.374 |
| Styrkir og gjafir | 0 | 3.136 |
| Þjónustugjöld, seðilgjöld oþh | 16.666 | 0 |
| Annar skrifstofukostnaður | 249.396 | 221.312 |
| Húsaleiga | 1.984.737 | 2.182.488 |
| Rekstur fasteignar | 0 | 362.516 |
| Tryggingar | 74.613 | 27.604 |
| Gjaldfærð tæki og áhöld | 512.916 | 542.007 |
| Flutningskostnaður | 250.986 | 94.369 |
| Félagsgjöld | 169.458 | 86.735 |
| Annar kostnaður | 4.760 | 0 |
| | **13.127.491** | **13.570.319** |
| 15. **Aðrar skammtímaskuldir** | | |
| Ógreidd laun | 255.648 | ( 4.454) |
| Ógreiddur lífeyrissjóður | 786.704 | 250.173 |
| Ógreitt orlof | 2.029.970 | 927.361 |
| Ógreidd staðgreiðsla | 582.386 | 400.155 |
| Ógreidd opinber gjöld, önnur en tekjuskattur ársins | 4.525 | 4.512 |
| Fjármagnstekjuskattur af höfunda- og fylgirétti | 0 | 2.294.856 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 189.272 | 189.272 |
| | **3.848.505** | **4.061.875** |